**Bekkur: 4. bekkur**

**Námsgrein: Íslenska**

**Kennarar: Sigrún Sveinsdóttir og Steinunn Bjarnadóttir**

**Tímafjöldi: 6 kennslustundir**

GRUNNSKÓLINN Í BORGARNESI

*Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð*

**Námsgögn:** Lestrarbækur við hæfi hvers og eins, Lesrún og Lesrún 2, Ritrún 3, Skrift 2 og 3, gagnvirkar æfingar og ýmis verkefni frá kennurum. Samþætting við náttúru- og samfélgsfræði, lífsleikni og upplýsingatækni.

**Lykilhæfni: Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Grunnskólans í Borgarnesi**

| Námsflokkar | Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Talað mál, hlustun og áhorf** | Að nemandi:<br>• geti beitt skýrum og áheyrilegum framburði.<br>• geti tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.<br>• geti sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið,<br>• geti hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni,<br>• geti nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi.<br>• geti átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi. | Einstaklings- og paralestur<br><br>Nemendur tjá sig frammi fyrir kennara og bekkjarfélaga. Þeir kynna verkefni sem þeir hafa unnið, lesa upphátt og segja frá m.a. með leikrænum hætti og skila verkefnum á rafrænu formi. | Leiðsagnarmat. |
| **Lestur og bókmenntir** | • geti nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.<br>• geti tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.<br>• geti valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.<br>• geti lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum,<br>• geti beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.<br>• geti beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu. | Heimalestur 5x í viku<br><br>Hraðlestraræfingar<br><br>Lestrarátak tvisvar á skólaárinu þar sem markmiðið er að þjálfa lestrarhraða og lesskilning.<br><br>Lesskilningur þjálfaður með hlustun, lestri ásamt verkefnavinnu. | Heimalestur,<br>Samræmd könnunarpróf,<br>Lesferill,<br>Orðarún,<br>leiðsagnarmat,<br>sjálfsmat. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • geti aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.<br>• geti lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.<br>• geti valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju. | Unnið með mismunandi texta, leikrit og þjóðsögur. Nemendur læra vísur og ljóð og þekki bækur eftir íslenska rithöfunda. | |
| **Ritun** | • geti dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega<br>• geti nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.<br>• geti samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.<br>• geti beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.<br>• geti nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.<br>• geti skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.<br>• geti skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda. | Nemendur vinna fjölbreytt ritunarverkefni bæði einstaklingslega og í samvinnunámi.<br><br>Þjálfi skrift og persónulega rithönd við ýmis skrifleg verkefni og í skriftarbækur.<br><br>Þjálfist í stafsetningu á fjölbreyttan hátt. | Skriftaræfingar, mat á ritunaræfingum, leiðsagnarmat og sjálfsmat. |
| **Málfræði** | • geti beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ráði yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.<br>• geti gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.<br>• geti búið til málsgreinar.<br>• geri sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.<br>• geti þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein,<br>• geti fundið kyn og tölu orða.<br>• geti greint málsgreinar í eigin texta,<br>• geti raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.<br>• geti leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða.<br>• geti greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta. | Nemendur fá tækifæri til að beita íslensku á fjölbreyttan hátt í gegnum umræður, verkefnavinnu og leiki með því markmiði að öðlast tilfinningu fyrir málinu.<br><br>Áhersla lögð á vandaðan frágang verkefna. | Stafsetningastílar, verkefna- og vinnubækur og leiðsagnarmat. |